



## Fundargerð

231. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, fimmtudaginn 19. október 2017 kl. 11:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir

### Dagskrá:

1. Árshlutareikningur jan – ágúst
2. Fjárhagsáætlun 2018-2021
3. Framkvæmdaáætlun 2018
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Árshlutareikningur jan - ágúst

Guðlaugur Erlingsson KPMG sat fundinn undir þessum lið.

Árshlutareikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 31. ágúst 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Hagnaður varð af rekstri Hitaveitu Egilsstaða og Fella á tímabilinu sem nam 63,3 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 1.984,4 millj. kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 728,6 millj. kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall félagsins 36,7%.

Í lok tímabilsins nam hlutfé félagsins 433,3 millj. kr. og hafði ekki breyst á tímabilinu. Allt hlutfé félagsins er í eigu sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs eins og í upphafi árs.

Árshlutareikningurinn samþykktur með handaupprettingu og staðfestur með undirritun.

## 2. Fjárhagsáætlun 2018 -2021

Guðlaugur Erlingsson KPMG sat fundinn undir þessum lið.

### Rekstrarreikningur



	2016	2017	2018	2019	2020	2021
	Ársreikningur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<b>Rekstrartekjur:</b>						
Rekstrartekjur hitaveitu .....	186.956	187.225	201.722	203.635	209.037	214.380
Rekstrartekjur vatnsveitu .....	89.211	89.019	89.378	93.470	95.994	98.489
Rekstrartekjur fráveitu .....	110.731	118.972	122.576	126.131	129.536	132.904
	<b>386.898</b>	<b>395.215</b>	<b>413.676</b>	<b>423.236</b>	<b>434.567</b>	<b>445.773</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>						
Rekstur veitukerfis hitaveitu .....	28.540	26.890	29.650	30.510	31.334	32.148
Rekstur veitukerfis vatnsveitu .....	8.989	8.870	11.600	11.936	12.259	12.577
Rekstur veitukerfis fráveitu .....	33.747	35.673	36.900	37.970	38.995	40.009
Laun og launtengd gjöld .....	57.670	57.928	61.980	67.565	69.930	72.377
Annar rekstrarkostnaður .....	26.281	33.222	31.072	31.973	32.836	33.690
	<b>155.226</b>	<b>162.583</b>	<b>171.202</b>	<b>179.954</b>	<b>185.354</b>	<b>190.802</b>
Rekstrarhagnaður án afskrifta og fjármagnskostnaðar .....	231.671	232.632	242.474	243.282	249.214	254.971
Afskriftir .....	77.922	85.874	88.299	90.785	93.360	95.935
Rekstrarhagnaður án hreinna fjármagnsgjalda .....	153.750	146.758	154.175	152.496	155.853	159.036
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 13.926 )	( 33.691 )	( 55.487 )	( 51.761 )	( 46.599 )	( 41.461 )
Árhrif hlutdeildarfélags .....	( 1.913 )	0	0	0	0	0
Tekjuskattur .....	( 1.398 )	( 11.046 )	( 10.398 )	( 11.146 )	( 10.918 )	( 11.674 )
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>136.513</b>	<b>102.021</b>	<b>88.290</b>	<b>89.590</b>	<b>98.336</b>	<b>105.900</b>

Stjórn vill benda á ekki verður um lántökur að ræða í þessari áætlun og áætluð niðurgreiðsla skulda á áætlunartímabilinu er um 351 milljónir.

Ofangreind áætlun borin upp og samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

## 3. Framkvæmdaáætlun 2018

Lögð er fram uppfærð kostnaðaráætlun og áfangaskipting dags 13.10.2017 í uppbyggingu fráveitu. Umræða um þessa áætlun og ljóst að skiptar skoðanir er um áfangaskiptingu og þarf að fara betur ofan í forsendur og gildandi samninga. Þó er stjórn sammála um að stefna á að framkvæma Áfanga 1 í áætlunni að frágengnum samningum við landeigendur.



Lagður fram heildarlisti um áætlaðar framkvæmdir veitna árið 2018 upp á heildarfjárfesting kr. 103,6 milljónir og er í samræmi við áður samþykktu rekstrar- og fjárfestingaráætlun 2018. Samþykkt samhljóða.

#### 4. Önnur mál

- a) Lagt fram til kynningar kvörtunarbréf til Orkustofnunar dags 2. okt. 2017, kvörtun vegna skilgreiningar á mörkum dreifbýlisgjaldskrár vegna dreifingar raforku innan Fljótsdalshéraðs.
- b) 2. fundargerð ráðgjafaráðs veitufyrirtækja lögð fram til kynningar.
- c) Umsögn um deiliskipulag Eyvindará – 201601236.
- d) Framkvæmdastjóri er að fara í frí og kemur til vinnu aftur 13. nóvember.
- e) Rædd starfsmannamál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13.10

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson